

Miðvikudaginn 25. júní 1947.

Kærumálið nr. 13/1947. Egill Sigurgeirsson
gegn

Sigurði Helgasyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Frávisunardómur kærður.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 4. maí þ. á., er hingað barst 20. þ. m., hefur sóknaraðili kært til hæstaréttar frávisunardóm, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. apríl s. l. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Engin greinargerð eða kröfur hafa borizt af hendi sóknaraðilja, en ætla verður, að kæran sé höfð uppi í því skyni að fá frávisunardóm bæjarþingsins úr gildi felldan.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdómsins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Egill Sigurgeirsson, greiði varnaraðilja, Sigurði Helgasyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 22. þ. m., hefur Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. febrúar þ. á., gegn Sigurði Helgasyni stórkaupmanni, Bankastræti 7, til greiðslu vixils að fjárhæð kr. 3500.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga 27. febrúar 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, *en til vara*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins um frávisunarkröfuna hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður, *en til vara*, að málskostnaður verði látinn niður falla í þessum hluta málsins.

Stefndi hefur rökstutt frávisunarkröfuna með því, að skjal það, sem hér um ræðir, sé ekki víxill eftir skilningi víxillaganna nr. 93/1933, þar sem í þeim lögum sé það ófrávikjanlega skilyrði sett, að útgáfudagur skuli tilgreindur, til þess að um víxil geti verið að ræða, en á umrætt skjal vanti útgáfudag. Af þessum ástæðum sé ekki um víxilmál að ræða, er heimilt sé að reka eftir XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936. Hafi því ekki verið heimilt að ganga fram hjá sáttatilaun fyrir sáttamönnum. Þar sem málið hafi ekki verið lagt til satta eftir fyrirmælum laga, hljóti slíkt að valda frávisun.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að skjalið, sem um er að ræða, sé víxill eftir merkingu laga nr. 93/1933. Í 7. tl. 1. gr. laganna sé að vísu sagt, að tilgreina skuli í víxli útgáfudag og útgáfustað, en í 2. gr. sömu laga sé gerð undantekning um útgáfustað, og hljóti sú undantekning að eiga við um útgáfudag per analogiam. Hann hefur og haldið því fram, að þar sem vaxta sé einungis krafizt frá gjalddaga, skipti útgáfudagur engu máli í þessu sambandi. Þá sé það hlutverk útgefanda að sjá um það, að dagsetning sé tilgreind, og því sé það á hans ábyrgð, ef hana vanti. Ekki sé hægt að taka til greina, ef útgefandi vísvitandi og af hrekk lætur hjá líða að tilgreina útgáfudag, þegar viðsemjendur hans eru í þeirri trú, að gild víxilskuldbinding hafi stofnast.

Telja verður það óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að víxilskuldbinding hafi stofnast, að tilgreindur sé útgáfudagur, og verður ekki á það fallizt, að undantekningarákvæði um útgáfustað eigi analogice við um útgáfudag. Heimildarlaust hefur því verið að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu, og verður því að fallast á frávisunarkröfu stefnda og vísa málinu frá dómi. Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði stefnda kr. 150.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Máli þessu víasast frá dómi.

Stefnandi, Egill Sigurgeirsson, greiði stefnda, Sigurði Helgasyni, kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.